

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 130/1968. **Bæjarstjórnin í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs**
 gegn
Ásdís Jónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmenn Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. júní 1968, sem Hæstarétti barst 24. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, málið hafið og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi dómkröfur, og atvikum málsins er eigi lýst. Héraðsdómarninn hefur því eigi gætt fyrimæla 2. mgr. 190. gr. né 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á formhlið málsins verður að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 4. júní 1968.

Mál þetta hefur Ásdís Jónsdóttir skrifstofustúlka, Mjósundi 16, Hafnarfirði, höfðað á hendur bæjarsjóði Hafnarfjarðar.

Er málið var þingfest, var eftirfarandi bókun skráð í þingbók: „Ár 1966, mánudaginn 7. marz, var bæjarþing Hafnarfjarðar háð í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst. Fyrir var tekið: Bæjarþingsmálið nr. 37/1966: Ásdís Jónsdóttir gegn bæjarsjóði Hafnarfjarðar.

Af hálfu stefnanda sækir þing Hilmar Ingimundarson lögfræðingur vegna Þorvalds Þórarinssonar hrl. og leggur fram nr. 1—10 og nr. 12 stefnu, greinargerð og fylgiskjöl.

Af hálfu stefnda mætir Jón Finnsson hrl. vegna Kristins Ó. Guðmundssonar hrl. og leggur fram nr. 11 greinargerð.

Samþykkir lögmaður stefnda fyrirtöku málsins nú án stefnu. Dómarinn leitaði sátta, en árangurslaust.

Uppl. staðfest.

Jón Finnsson.

Hilmar Ingimundarson.

Dómþingi slitið.

Stefán Hirst.

fttr.“.

Upphaflega var málið höfðað með stefnu, birtri 18. október 1960, frestað tvisvar til greinargerðar stefnda, er lögð var fram hinn 13. desember 1960, og síðan frestað nokkrum sinnum til gagnaöflunar, unz málið var hafið hinn 18. apríl 1961 að kröfu stefnda, en er málið var tekið fyrir þann dag, var ekki sótt þing af hálfu stefnanda.

Hinn 14. desember 1964 var málið svo endurupptekið og haldin aðiljayfirheyrsla yfir stefnanda og tvö vitni leidd.

Málinu var síðan frestað nokkrum sinnum til gagnaöflunar og enn hafið að kröfu stefnda, er ekki var sótt þing af hálfu stefnanda, er málið var tekið fyrir hinn 1. júní 1965.

Skjöl þau, er lögð voru fram við þingfestingu málsins hinn 7. marz 1966, eru öll hin sömu og lögð voru fram í fyrri málunum og kröfugerð óbreytt.

Hinn 10. marz 1966, þrem dögum eftir þingfestingu málsins, sendi umboðsmaður stefnanda dóminum beiðni, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 14, um, að ákveðinn yrði dagur til aðiljayfirheyrslu yfir Stefáni Gunnlaugssyni, fyrrverandi bæjarstjóra, en honum var upphaflega stefnt fyrir hönd bæjarsjóðs.

Það þinghald virðist hafa verið ákveðið 1. apríl 1966 samkvæmt áritun á umrædda beiðni með rithendi þess dómara, er málið hafði þá til meðferðar.

Umrætt þinghald féll niður, að því er umboðsmaður stefnanda telur, vegna óska umboðsmanns stefnda um, að því yrði frestað vegna forfalla vitnisins Stefáns Gunnlaugssonar.

Enn var ákveðið þinghald í málinu hinn 20. febrúar 1967 samkvæmt munnlegri beiðni umboðsmanns stefnanda.

Það féll einnig niður, að því er umboðsmaður stefnanda skýrði

frá, er hann munnlega afturkallaði beiðni sína um þinghaldið, vegna forfalla umrædds vitnis.

Um hvorugt þessara fyrirhuguðu þinghalda var bókað í þingbók. Í apríl s.l. hófst umboðsmaður stefnanda enn handa, og var í samráði við hann ákveðin fyrirtekt málsins til gagnaöflunar hinn 28. maí s.l.

Sendi dómariinn umboðsmönnum aðilja símskeyti þar um, og er það lagt fram sem dskj. nr. 13.

Mættu umboðsmennirnir báðir, en engin vitni voru leidd né gögn færð fram.

Lýsti lögmaður stefnanda gagnaöflun lokið af sinni hálfu.

Lögmaður stefnda krafðist þess hins vegar, að dómariinn úrskurðaði um hafningu máls þessa og tildæmdi umbjóðanda sínum hæfileg málsvarnarlaun.

Rökstuddi hann framangreinda kröfu með því, að þar sem meira en tvö ár séu liðin frá síðasta þinghaldi, sé málið niður fallið sökum aðgerðarleysis umboðsmanns stefnanda, þ. e. hafið af sjálfu sér, og geti hann því ekki fallið á, að málið sé tekið upp aftur nema með nýrri stefnu og þingfestingu.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu lögmanns stefnda, krafðist þess, að synjað yrði um hafningu málsins og umbjóðanda sínum tildæmdur hæfilegur málskostnaður vegna þessa þáttar málsins.

Rökstuddi hann þessar kröfur sínar með því, að hinn 7. marz 1966 hefði málinu verið frestað ótiltekið til gagnaöflunar.

Hefði hann þegar í stað hafizt handa um framhaldandi öflun gagna með beiðni sinni frá 10. marz 1966 og síðan hefði fyrirtekt málsins verið tvívegis ákveðin að sinni ósk.

Yrði því að telja, að málinu hefði verið fylgt eðlilega eftir af sinni hálfu, enda hefði málið eftir þann tíma dregizt eingöngu vegna tregðu hins fyrrverandi bæjarstjóra til að gefa aðilja-skýrslu í málinu.

Þar sem hinn fyrrverandi bæjarstjóri hefði upphaflega verið stefndi f. h. bæjarsjóðs, væri það einmitt skylda stefnda að beita sér fyrir því, að skýrslu hans yrði aflað, og það, sem á kynni að skorta um skýrleik málsins vegna skorts á þeirri skýrslugjöf, yrði því að meta stefnda í óhag og leggja framburð stefnanda í þess stað til grundvallar við efnislega úrlausn málsins.

Þar sem stefnda hefði þrívegis verið gefinn kostur á að færa fram umrætt sönnunargagn, en hann látið það undir höfuð leggjast, sé nú gagnasöfnun lýst lokið af stefnanda hálfu.

Að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. maí s.l. var fyrrgreint ágreiningsefni tekið til úrskurðar.

Það er álit réttarins, að túlka beri bókunina frá 7. marz 1966 þannig, að málinu hafi verið frestað ótiltekið til gagnaöflunar, þótt ekki væri þá bókað sérstaklega um frest, enda var greinargerð stefnda lögð fram þegar við þingfestingu, og lá því beint við að fresta málinu ótiltekið og ákveða síðar sérstakt þinghald til vitna- og aðiljayfirheyrslu.

Það þykir ekki óvenjulegur dráttur á málinu, þótt rúmlega tvö ár liðu frá því það var þingfest þar til næst var þingað í því og gagnasöfnun lýst lokið af stefnanda hálfu.

Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi sýnt óhæfilegt tómlæti, m. a. ber á það að líta, að stefnandi hófst þegar handa um að fá málið tekið fyrir til framhaldsgagnaöflunar með skriflegri beiðni sinni frá 10. marz 1966, sem hann ítrekaði síðan, a. m. k. tvívegis munnlega.

Í þessu sambandi verður ekki talið, að forsaga málsins skipti máli, þar sem það var þingfest sem algerlega nýtt mál hinn 7. marz 1966, athugasemdalaust af hálfu umboðsmanns stefnda.

Með tilliti til þessa verður ekki talið, að málið sé niður fallið né heldur að lagarök finnist til að ákveða hafningu þess nú eða vísa því frá dómi vegna þeirra ástæðna, er stefndi byggir kröfu-gerð sína í þessum þætti málsins á.

Ber því að hafna hafningarkröfu hans.

Þar sem málið heldur áfram fyrir dóminum biður málskostnaður vegna þessa þáttar málsins endanlegs dóms.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Framangreint mál er ekki niður fallið.

Hafningarkröfu stefnda er synjað.
